

Aðalfundur Golfklúbbsins Leynis árið 2022 var haldinn í frístundamiðstöðinni Garðavöllum, fimmtudaginn 24. nóvember 2022, kl. 19:30.

Formaður GL, Oddur Pétur Ottesen, bauð fundarmenn velkomna, lýsti yfir ánægju með góða mætingu og lagði til að Viktor Elvar Viktorsson yrði fundarstjóri fundarins og Ella María Gunnarsdóttir fundarritari. Engin mótmæli komu fram. Að því loknu tók fundarstjóri við stjórn fundarins.

Fundarstjóri staðfesti að löglega var staðið að boðun fundar þ.e. með a.m.k. 7 daga fyrirvara og í kjölfarið tók hefðbundin aðalfundar dagskrá við.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður GL flutti skýrslu stjórnar en skýrslan er aðgengileg á rafrænu formi á heimasíðu klúbbsins www.leynir.is. Framkvæmdastjóri GL, Rakel Óskarsdóttir, tók því næst við og flutti skýrslu framkvæmdastjóra sem jafnframt er aðgengileg á heimasíðu klúbbsins.

2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Framkvæmdastjóri GL fór yfir ársreikning félagsins. Tekjur námu alls rúmlega 144 m.kr. og rekstrargjöld voru tæpar 115,6 m.kr. Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði var því rúmlega 28,4 m.kr. en tæpar 15,5 m.kr. þegar tekið er tillit til fjármagnsliða og afskrifta. Ársreikningar félagsins eru aðgengilegir í heild sinni á heimasíðu klúbbsins.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar bornir undir atkvæði

Fundarstjóri gaf orðið laust fyrir umræður um skýrslu stjórnar, skýrslu framkvæmdastjóra og ársreikning félagsins.

Undir þessum dagskrárlið tóku eftirfarandi til máls:

Eiríkur Jónsson, spurði hvað GL skuldaði Akraneskaupstað í Frístundamiðstöðinni. Svar framkvæmdastjóra var á þá leið að skuldin stendur í rétt rúmum 50 m.kr.. EJ kom þeirri skoðun á framfæri að hann taldi að Akraneskaupstaður ætti hreinlega að afskrifa þá skuld.

Karl Alfreðsson, spurði hvort rétt væri að skuldin sé vaxtalaus? Framkvæmdastjóri svaraði því til að það ætti eftir að ganga frá formlegum samningi milli GL og kaupstaðarins um skuldina en að það samtal væri hafið.

Ársreikningurinn og skýrsla stjórnar var samþykkt samhljóða.

4. Breytingar á lögum GL

Engar tillögur að lagabreytingum lágu fyrir fundinum.

5. Fjárhagsáætlun 2023 og tillaga að félagsgjöldum

Formaður kynnti tillögu að félagsgjöldum og flokkaskiptingu ársins 2023 sem var eftirfarandi:

- Allir félagsmenn fá 15 fötur á Teigum með árgjaldi
- Gullaðild 120.000 + 100 fötur á Teigum og 3 gestaholl
- Fullt gjald 102.000
- Makagjald 25% afsláttur af fullu gjaldi 76.500
- 70 ára og eldri 25% afsláttur af fullu gjaldi 76.500
- 2 árs nýliða gjald 25% afsláttur af fullu gjaldi kr. 76.500
- 19-26 ára 44.000
- Nýliðagjald 44.000
- Fjaraðild kr. 64.000 utan póstnúmer 300 og 301
- Árgjald börn og ungmenni (æfingar og árgjald)
- 12 ára og yngri 50.000

- 13-21 árs 60.000

Framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsáætlun ársins 2023.

Helstu lykiltölur fjárhagsáætlunar ársins 2023:

- Áætlun rekstartekna 146,5 m.kr.
- Áætlun rekstrargjalda 134 m.kr.
- Áætlaður hagnaður af reglubundinni starfsemi 12,5 m.kr.
- Áætlaður hagnaður eftir afskriftir og fjármagnshreyfingar 127 þ.kr.

Fundarstjóri gaf orðið laust fyrir umræður um fjárhagsáætlun næsta starfsárs og tillögu að félagsgjöldum.

Til máls tóku:

Sigurður Elvar Þórólfsson fagnar að það eigi að ráða íþróttastjóra í 100% starf en spyr hversu stór hluti af tekjum GL séu vegna vinavallasamninga? Framkvæmdastjóri svaraði því til að vallargjöld væru um 23 m.kr. og stór hluti þeirra væri vegna vinavallasamninga. Hægt væri að nálgast nákvæmari tölu hjá framkvæmdastjóra síðar.

Fjárhagsáætlun og félagsgjöld samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Kosning stjórnar og varamanns í stjórn

Óskað var eftir að framboðum til stjórnar GL bærust framkvæmdastjóra fyrir 17. nóvember 2022. Þar sem framboðendur voru fleiri en laus stjórnarsæti, brá stjórn GL á það ráð að skipa kjörstjórn til að sjá um skipulag og framkvæmd kosninga. Nefndin var skipuð þeim Stefáni Orra Ólafssyni og Erni Gunnarssyni sem lögðu til eftirfarandi framkvæmd:

- Atkvæðisrétt hafa fullgildir félagar sem fullnægja 3. gr. laga GL og eru/verða 16 ára á viðkomandi almanaksári (sbr. 9. gr. laga GL).
- Kjörseðlar verði afhendir rétt fyrir kosningu og merkt við í félagatal
- Hver seðill innihaldi 2 línur og skulu félagsmenn skrifa nöfn þeirra tveggja aðila sem þeir vilja greiða atkvæði með skýrum stöfum
- Kjörseðlum skal skilað í kjörkassa
- Kjörstjórn telur atkvæði og kemur niðurstöðum á framfæri við fundarstjóra.

Eftirfarandi aðilar voru í framboði:

- Oddur Pétur Ottesen til formanns
- Elísabet Valdimarsdóttir sem aðalmaður í stjórn
- Freydís Bjarnadóttir sem aðalmaður í stjórn
- Heimir Bergmann sem aðalmaður í stjórn
- Ísak Örn Elvarsson sem aðalmaður í stjórn
- Hróðmar Halldórsson til varamanns

Fundarstjóri greindi frá því að þar sem einungis eitt framboð lægi fyrir til formanns og eitt framboð til varamanns þá yrðu þeir aðilar sjálfkjörnir í stjórn.

Í framhaldinu spurði fundarstjóri fundarmenn hvort einhverjar athugasemdir væru við tillögu að fyrrgreindri framkvæmd kosninganna. Engar athugasemdir voru gerðar. Í kjölfarið var framkvæmd kosning um tvo aðalmenn í stjórn og gert fundarhlé á meðan.

Fundarstjóri hóf fund að nýju og tók næsta dagskrárlið fyrir.

7. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara

Tillaga var gerð um eftirfarandi skoðunarmenn:

- Andrés Ólafsson
- Elías Ólafsson
- Petrea Emilía Pétursdóttir til vara

Skoðunarmenn voru sjálfkjörnir og eru ofangreind því réttkjörnir skoðunarmenn.

8. Önnur mál

Formaður GL kynnti hver kylfingur ársins væri:

Kylfingur ársins: Björn Viktor Viktorsson

Björn Viktor hélt sínu striki í sumar og hélt áfram að vera einn af bestu kylfingunum í sínum flokki þrátt fyrir að hafa farið upp um aldursflokk. Hann endaði öll mótin sem hann fór í á unglíngamótaröðinni í topp 10, þar af tvisvar í öðru sæti og tryggði sér sigurinn í Íslandsmeistaramótinu í holukeppni, hans fyrsta Íslandsmeistaratitil. Björn tók einnig þátt í mótaröð þeirra bestu og endaði í topp 20 í Íslandsmótinu í Vestmannaeyjum. Þá sigraði hann meistaramót Leynis sannfærandi. Hann heldur áfram að vera fyrirmynd fyrir yngri krakkanna sem öll líta upp til hans, er samviskusamur við æfingar og kurteis. Við getum verið stolt af því að hafa kylfing eins og Björn Viktor í Golfklúbbum Leyni.

Formaður kynnti hver hlyti Guðmundar og Óðinsbikarinn:

Guðmundar og Óðinsbikarinn: Sveit 18 ára og yngri, Íslandsmeistarar

Guðmundar og Óðinsbikar er gefin af Helga Daníelssyni 1990. Viðurkenningar hafa verið t.d. Íslandsmeistari einstaklinga, Íslandsmeistarar í sveitakeppni GSÍ, sjálfboðaliðavinna, öflugur stuðningsmaður GL, Íþróttamaður Akranes, þátttaka í landsliðsverkefnum svo eitthvað sé upptalið.

Golfklúbburinn Leynir sendi blandaða sveit í Íslandsmót golfklúbba 18 ára og yngri. Sveitin gerði sér lítið fyrir og landaði Íslandsmeistaratitlinum. Er þetta í fyrsta sinn síðan 1999 að titill vinnist í þessum flokk hjá GL.

Sveitina skipuðu Bragi Friðrik Bjarnason, Elsa Maren Steinarsdóttir, Kári Kristvinsson, Nói Claxton og Tristan Freyr Traustason. Liðsstjóri sveitarinnar var Björn Viktor Viktorsson.

Formaður kynnti verðlaunahafa háttvísiverðlauna GSÍ

Háttvísiverðlaun GSÍ: Elsa Maren Steinarsdóttir

Háttvísibikarinn er gjöf frá GSÍ til GL og er hann veittur ár hvert þeim kylfingi undir 18 ára aldri sem endurspeglar hvað mest þá eiginleika sem GL vill sjá í afreksefna unglíngum sínum. Það er þjálfari GL sem tilnefnir kylfinginn.

Háttvísiverðlaun Golfklúbbsins Leynis 2022 fær Elsa Maren Steinarsdóttir. Elsa Maren er samviskusöm, þrautseig og vill alltaf gera betur. Elsa var valin í æfingahóp GSÍ fyrir Evrópumót stúlkna í Júní og hefur verið tekið eftir framförum hennar af öðrum þjálfurum innan hreyfingarinnar. Elsa Maren var hluti af liði Leynis í bæði sveitakeppni drengja U18 og sveitakeppni kvenna. Hún fór taplaus í gegnum sveitakeppni U18 og var mikill liðsstyrkur við kvennasveitina þegar þær kepptu á Selfossi.

Hún er vel að því komin að fá háttvísiverðlaunin fyrir 2022.

Fundarstjóri gaf orðið laust um önnur mál. Enginn óskaði eftir því að taka til máls. Vakti fundarstjóri þá upp hugvekjju varðandi hvort félagsmenn eða stjórn hefðu velt því fyrir sér hvaða áhrif möguleg jarðkaup Akraneskaupstaðar í nærliggjandi sveitarfélagi. Aðrir kváðu sér ekki máls og var því gert stutt hlé á fundi.

Fundarstjóri tók til máls og greindi frá úrslitum í kjöri til aðalmanna í stjórn. Alls greiddu 65 félagar atkvæði og voru engir auðir eða ógildir seðlar. Niðurstaða kosninga var eftirfarandi:

- Elísabet Valdimarsdóttir 28 atkvæði eða 43%
- Freydís Bjarnadóttir 46 atkvæði eða 71%
- Heimir Bergmann 21 atkvæði 32%
- Ísak Örn Elvarsson 35 atkvæði eða 54%

Aðalmenn í stjórn voru kjörnir: Freydís Bjarnadóttir og Ísak Elvarsson.
Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tóku:

Formaður GL tók til máls og þakkaði traustið sem honum er sýnt til að gegna formennsku áfram. Fráfarandi stjórnarmönnum voru þökkuð góð störf og myndatökur voru af verðlaunahöfum. Formaður sleit fundi.

57. aðalfundi GL slitið kl. 21:15.

Fundargerð ritaði Ella María Gunnarsdóttir.
Akranesi 24. nóvember 2022

Oddur Pétur Ottesen, formaður

Óli Björgvin Jónsson, varaformaður

Heimir Bergmann, gjaldkeri

Ella María Gunnarsdóttir, ritari

Hörður Kári Jóhannesson, meðstjórnandi

Hróðmar Halldórsson, varamaður